

Miðvikudaginn 27. mars 1991.

Nr. 336/1990. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Guðjóni Júlíusi Halldórssyni

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttar-dómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Fyrir Hæstarétti var af hálfu ákærvalds krafist staðfestingar héraðsdóms á sakfellingu, refsíákvörðun og greiðslu sakarkostnaðar samkvæmt ákæru, útgefinni 10. janúar 1989, og ákærulið 2 í ákæru, útgefinni 20. september 1989, og verði ákærði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar.

Ákærði krefst þess, að refsing fyrir ákæruatriði þau, sem til álita koma fyrir Hæstarétti, verði ákveðin sektargreiðsla, og verði allur sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði.

Staðfesta ber sakfellingu ákærða samkvæmt ákæru 10. janúar 1989 og lið 2 í ákæru 20. september 1989 svo og færslu brota til refsíákvæða.

Ákvæði umferðarlaga nr. 50/1987 um refsingar hafa ekki að geyma ákvæði um ítrekunaráhrif brota. Á því tilvísun til 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hér ekki við um ákvörðun refsingar.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, voru gefnar út í máli þessu þrjár ákæru á hendur ákærða: Fyrsta ákæra 7. nóv. 1986 vegna tveggja brota 23. ágúst 1986, önnur ákæra 10. janúar 1989 vegna brots 27. júlí 1988 og þriðja ákæra 20. september 1989 vegna brota 11. febrúar 1987 og 19. maí 1988. Í héraðsdómi voru bæði brotin samkvæmt fyrstu ákærunni og fyrra brotið samkvæmt þriðju

ákærinni talin fyrnd, er ákærun voru birtar ákærða. Frá því að fyrsta ákæran var gefin út, liðu meira en þrjú og hálf ár, áður en fyrst var þingað í málinu í sakadómi Garðabæjar 9. maí 1990. Ber að átelja þennan óhæfilega drátt á meðferð málsins. Við dómara þann, sem kvað upp héraðsdóm og fékk málið til meðferðar 17. apríl 1990, er þó ekki um drátt þennan að sakast.

Við refsíákvörðun ber að líta til sakaferils ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, sbr. 70. gr., 1. mgr. 5. tl., almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða samkvæmt 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þykir hæfilega ákveðin 50.000 króna sekt til ríkissjóðs og 30 daga varðhald, sem þykir mega skilorðsbinda með hliðsjón af því, sem að framan er rakið um drátt á meðferð málsins í héraði. Vararefsing vegna sektarinnar ákveðst 20 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Guðjón Júlíus Halldórsson, greiði 50.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti 20 daga varðhaldi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði sæti varðhaldi í 30 daga, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Garðakaupstaðar 17. júlí 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 17. júlí, er á dómþingi sakadóms Garðakaupstaðar, sem háð er á skrifstofu dómsins, Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Höllu Bachmann Ólafsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 3470/86: Ákærvaldið gegn Guðjóni Júlíusi Halldórssyni, sem tekið var til dóms þann 26. júní s.á.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 7. nóvember 1986, gegn ákærða, Guðjóni Júlíusi Halldórssyni, með lögheimili að Bæjargili 57, en dvalarstað að Hlíðabyggð 30, Garðakaupstað, kt. 030763-5489, fæddum í Reykjavík, „fyrir að hafa laugardaginn 23. ágúst 1986:

1) ekið, sviptur ökuréttindum ævilangt, óskráðu vélknúnu ökutæki af gerðinni Gocart austur Lyngás í Garðakaupstað og síðan suður Stórás, en þar stöðvaði lögreglan akstur hans,

2) falið Róberti Magnúsi Kristmundssyni, fæddum 22. desember 1973, akstur sams konar ökutækis sömu leið.

Telst þetta varða við 2. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 11. gr., lið 1, auk þess við 1. mgr. 27. gr., og liður 2 við 35. gr., allt sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari enn fremur með ákæruskjali, dagsettu 10. janúar 1989, gegn ákærða, Guðjóni Júlíusi, „fyrir að aka miðvikudaginn 27. júlí 1988, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R-77411 frá Reykjavík til Kópavogs og fyrir að aka henni suður Túnbrekku í Kópavogi með allt að 70 kílómetra hraða miðað við klukkustund og með allt að 65 kílómetra hraða vestur Álfrólsvæg, en lögreglan stöðvaði síðan akstur hans þar við hús númer 32.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari loks með ákæruskjali, dagsettu 20. september 1989, gegn ákærða, Guðjóni Júlíusi, „fyrir að aka eftirtöldum bifreiðum, sviptur ökuréttindum ævilangt, svo sem hér greinir:

1) miðvikudaginn 11. febrúar 1987 bifreiðinni Y-14819 frá Nýbýlavegi 22 í Kópavogi, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Bæjarhálsi í Reykjavík,

2) fimmtudaginn 19. maí 1988 bifreiðinni R-77411 frá heimili sínu til Hafnarfjarðar, en lögreglan stöðvaði akstur hans á Hafnarfjarðarvegi á móts við Stakkahraun.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Dómari fékk mál þetta til meðferðar frá öðrum dómara 17. apríl 1990.

Málavextir.

1-2) Laugardaginn 23. ágúst 1986 voru lögreglumenn í Hafnarfirði á eftirlitsferð í Garðabæ, er þeir veittu athygli ómerktu vélknúnu ökutæki, sem ekið var um Lyngás í austur og suður Stórás. Stöðvuðu þeir akstur ökutækisins, og reyndist 12 ára drengur vera ökumaður þess. Á hæla hans kom sams konar ökutæki, og var ökumaður þess Guðjón Júlíus Halldórs-son, ákærði í máli þessu, en hann var sviptur ökuréttindum ævilangt 14. október 1985.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu.

Ákærði viðurkenndi að hafa ekið ökutæki af gerðinni Gocart, sviptur ökuréttindum ævilangt, 23. ágúst 1986 og lögregla þá haft afskipti af sér. Ákærði bar, að hann hefði verið að aka framangreindri bifreið frá geymslu-gámi að þar til gerðri lokaðri braut. Ákærði bar, að bifreiðarnar væru notaðar sem leiktæki og ekki væri hægt að aka þeim hraðar en 30 km/klst.

Ákærði kvað Róbert Magnús Kristmundsson, 12 ára, sem lögregla hafði afskipti af á sama tíma, hafa verið að aka sams konar ökutæki á sínum vegum austur Lyngás og suður Stórás, Garðabæ.

Ákæra í málinu var gefin út 7. nóvember 1986.

Ákæran var lögð fram 28. janúar 1987, en hvergi er að finna í gögnum málsins, að hún hafi verið birt þá.

Ákærða var birt ákæran 9. maí 1990.

Ákærði kvað efni ákæru vera rétt og viðurkenndi að hafa sjálfur ekið óskráðu vélknúnu ökutæki af gerðinni Gocart austur Lyngás í Garða-kaupstað og síðan suður Stórás, þar sem lögregla hafi haft afskipti af akstri.

Ákærði viðurkenndi enn fremur að hafa falið Róberti Magnúsi Kristmundssyni, fæddum 22. desember 1973, akstur sams konar ökutækis þá leið, sem lýst er hér að ofan.

Niðurstöður.

Brot ákærða, þótt sönnuð væru, myndu ekki sæta þyngrri viðurlögum en þeim, er í 1. tl. 1. mgr. 81. gr. laga nr. 19, 1940, greinir. Brot ákærða voru framin 23. ágúst 1986, og af gögnum málsins verður eigi annað ráðið en réttarrannsókn í þeim hafi legið niðri, þar til ákærða var birt ákæran 9. maí 1990. Er því ljóst, að sök í málunum fyrntist 23. ágúst 1988, og er ákærði sýknaður af ákæru, dagsettri 7. nóvember 1986.

3) Að morgni miðvikudagsins 27. júlí 1988 voru lögreglumenn í Kópa-

vogi á eftirlitsferð á gatnamótum Þverbrekku og Nýbýlavegar, er þeir veittu bifreiðinni R-77411 athygli, þar sem henni var ekið greitt eftir Nýbýlavegi í vestur. Lögreglumenn veittu bifreiðinni eftirför og mældu hraða hennar með því að halda jöfnu bili milli hennar og lögreglubifreiðarinnar, og sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar þá töluna 70 km/klst. Á Álfhólsvogi sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar 65 km/klst. Akstur ökumanns, ákærða í máli þessu, Guðjóns Júlíusar Halldórssonar, var stöðvaður á Álfhólsvogi 32, þar sem lögreglumenn ræddu við ákærða.

Ákærði var spurður um það, á hvaða hraða hann hefði ekið bifreiðinni greint sinn.

Ákærði bar, að hann hefði ekki fylgst með hraðamæli.

Þegar ákærði var beðinn um ökuskírteini, viðurkenndi hann að vera sviptur ökuréttindum ævilangt.

Í frumskýrslu kemur fram, að á þeirri leið, er mæling fór fram á, sé biðstöð fyrir strætisvagna og gangbraut.

Ákærði var færður til skýrslutöku á lögreglustöð Kópavogs í beinu framhaldi af afskiptum lögreglu, þar sem hann viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni, sviptur ökuréttindum, en ákærði dró í efa, að hann hefði ekið á kærðum hraða, þar sem hann hefði fylgst með hraðamæli skömmu áður og þá ekið á um 60 km/klst., og enn fremur vegna þess, að hann hefði vitað af lögreglubifreiðinni, er mæling fór fram, og ekið með hliðsjón af því.

Ákæra var gefin út 10. janúar 1989 og birt ákærða 9. maí 1990.

Ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni R-77411, sviptur ökuréttindum ævilangt, frá Reykjavík í Kópavog. Ákærði kvaðst hins vegar hafa ekið bifreiðinni með 60 km/klst. suður Túnbrekku, en ekki 70 km/klst., svo sem hann er ákærður fyrir, og 60 km/klst. á Álfhólsvogi, en ekki 65 km/klst., svo sem í ákæru greini.

Lögreglumenn, er unnu að hraðamælingu, komu báðir fyrir dóm.

Vitnið Oddur Ólafsson lögreglumaður gaf skýrslu fyrir dómi.

Vitnið staðfesti að hafa unnið að hraðamælingu bifreiðar ákærða í Kópavogi þann 27. júlí 1988. Vitnið bar, að þeir (sic) hefðu veitt bifreið hans athygli, þar sem henni hefði verið ekið hratt vestur Nýbýlaveg. Viðvörðunarljós hefðu strax verið kveikt og henni verið veitt eftirför suður Túnbrekku. Mæling hefði verið framkvæmd með því að halda jöfnu bili milli bifreiðanna, er henni var ekið um Túnbrekku og Álfhólsvog.

Vitnið Sigurður Freyr Gunnarsson lögreglumaður gaf skýrslu fyrir dómi.

Vitnið kvaðst hafa unnið að hraðamælingu með Oddi Ólafssyni í Kópavogi 27. júlí 1988. Vitnið bar, að það myndi, er bifreið ákærða var ekið greitt vestur Álfhólsvog og mæling verið framkvæmd með því að halda jöfnu bili milli bifreiðanna. Vitnið kvaðst hins vegar ekki muna eftir hraðamælingunni í Túnbrekku.

Bæði vitnin staðfestu framburðarskýrslur, sem þau gáfu hjá lögreglu, þar sem aðdraganda hraðamælingar og mælingu í Túnbrekku og á Álfrólsvegi er nákvæmlega lýst.

Niðurstöður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið, sviptur ökuréttindum, greint sinn og yfir leyfðum hámarkshraða, þó að hann hafi mótmælt kærðum hraða. Með játningu ákærða og framburði vitna, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir vera sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem hann er ákærður fyrir. Varða brot hans við 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

4) Miðvikudaginn 11. febrúar 1987 var ákærði stöðvaður á bifreiðinni Y-14819, þar sem henni var ekið um Bæjarháls, þar sem bifreiðin hafði ekki verið færð til skoðunar. Í viðræðum við lögreglumenn viðurkenndi ökumaður bifreiðarinnar, ákærði, Guðjón Júlíus Halldórsson, að vera sviptur ökuréttindum.

Ákærði gaf framburðarskýrslu hjá lögreglu 1. september sama ár.

Ákæra var gefin út 20. september 1989.

Ákærða var birt ákæran í þinghaldi 9. maí 1990.

Ákærði viðurkenndi, að efni ákæru væri rétt, og kvaðst hafa ekið bifreiðinni Y-14819, sviptur ökuréttindum ævilangt, 11. febrúar 1987 frá Nýbýlavegi 22, Kópavogi, uns lögregla hefði stöðvað akstur á Bæjarhálsi.

Niðurstöður.

Af gögnum málsins er ljóst, að þegar ákæra í málinu var gefin út 20. september 1989, var sök ákærða þegar fyrnd, þar sem engin rannsókn fór fram, frá því að brot ákærða var framið 11. febrúar 1987. Ákærði er því sýknaður af lið 1) í ákæru, dagsettri 20. september 1989.

5) Að morgni þriðjudagsins 19. maí 1988 var lögreglumaður á eftirlitsferð, er hann veitti bifreiðinni R-77411 athygli, þar sem henni var ekið suður Hafnarfjarðarveg á móts við Stakkahraun. Var bifreiðinni veitt eftirför, þar sem grunur lék á, að ökumaður hennar væri sviptur ökuréttindum. Ákærði, Guðjón Júlíus Halldórsson, var ökumaður bifreiðarinnar, og viðurkenndi hann að hafa ekið bifreiðinni greint sinn, sviptur ökuréttindum ævilangt, úr Kópavogi áleiðis að Herjólfsgötu, Hafnarfirði. Ákærði var færður til skýrslutöku hjá lögreglu í beinu framhaldi, þar sem hann bar að hafa ekið bifreiðinni frá heimili sínu í Garðabæ, uns lögregla hefði stöðvað akstur í Hafnarfirði.

Ákæra var gefin út 20. september 1989 og birt ákærða 9. maí 1990.

Ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni R-77411, sviptur ökuréttindum ævilangt, fimmtudagiinn 19. maí 1988 frá heimili sínu, Bæjargili 57,

Garðabæ, áleiðis í Hafnarfjörð, uns lögregla stöðvaði frekari akstur ákærða á Hafnarfjarðarvegi á móts við Stakkahraun.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir vera sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem hann er ákærður fyrir. Varðar brot hans við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1980 14/10 Sátt: 40.000 kr. sekt fyrir brot gegn 49. og 50. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi 2 mánuði frá 5.9. 1980.
- 1981 7/12 Sátt: 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi 3 mánuði frá 19.11. 1981.
- 1983 8/12 Dómur: 12.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. og 46. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 8.12. 1983.
- 1984 20/6 Sátt: 8.000 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr. umferðarlaga.
- 1985 21/1 Sátt: 18.000 kr. sekt fyrir brot gegn 27., 49. og 50. gr. umferðarlaga.
- 1986 3/4 Dómur: Varðhald 20 daga fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.
- 1986 25/9 Sátt: 15.000 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr. umferðarlaga. Veitt heimild til ökuleyfis á ný 11.4. 1990.

Refsing ákærða.

Dómsáttin frá 20. júní 1984, dómsátt frá 21. janúar 1985 og dómsátt frá 25. september 1986 ásamt dómi sakadóms Garðabæjar frá 3. apríl 1986 hafa ítrekunaráhrif samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga á brot ákærða, er hér er fjallað um, og verður honum dæmd refsing með tilliti til þess.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr., og þykir hún hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga 3 mánaða fangelsi.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin greiðsla málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða, Kjartans Reynis Ólafssonar hrl., krónur 25.000.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðjón Júlíus Halldórsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hrl., krónur 25.000.
